

**Nd.**

**27. Tillaga**

til þingsályktunar um verðgildi íslenskrar krónu.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera alt, sem í stjórnarinnar valdi stendur, til þess að verðgildi íslenskrar krónu hækki sem fyrst upp í bankagengi, eins og það var fyrir síðustu áramót, með því meðal annars að sjá um, að samið sje um og komið fyrir sem föstum lánnum þeim gömlum skuldum, sem nú stuðla að gengislækkuninni.

A s t æ ð u r .

Nokkrum dögum áður en Alþingi kom saman lækkaði verðgildi íslenskrar krónu að stórmiklum mun í bönkunum hjer. Hafði staðið um þetta þóf nokkurt milli bankanna, og vildi stjórn Landsbankans að minsta kosti fyrst í stað ekki fallast á þessa lækkun. Nú er það viðurkent af öllum, að slíkar sveiflur á verðgildi peninga sjeu til stórskada fyrir hverja þjóð, og fyrstu afleiðingar þessarar lækkunar íslensku krónunnar eru þegar farnar að koma í ljós með hækkandi verði á aðfluttri vöru. En skaðinn mundi verða miklu minni, ef skjótlega væri hægt að gera ráðstafanir, sem hækkuðu verðgildi krónunnar aftur í það gengi, sem var áður en lækkunin kom.

Nánara í framsögu.